

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1140
komudagur 10.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög – eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn (356. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér nokkrar breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög.

Viðskiptaráð fagnar tilgangi þessa frumvarps sem er einkum að auka gagnsæi innan viðskiptalífsins og að draga úr/koma í veg fyrir samþjöppun eignarhalds til að auka skilvirkni og efla traust í garð viðskiptalífsins. Þrátt fyrir það gerir ráðið nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

Hlutaskrá (1. gr.)

Það er að mati Viðskiptaráðs nauðsynlegt að hnykkja frekar á skyldu stjórnar til að halda og uppfæra hlutaskrá félagsins með reglubundnum hætti. Ráðið telur hins vegar enn meiri þörf á því að hvetja stjórnir einkahlutafélaga til að halda og uppfæra reglulega slíka skrá. Á þetta þó eðli málsins samkvæmt ekki við um einkahlutafélag eins aðila. Hefði því að álit ráðsins verið rétt að fella inn í einkahlutafélagalög sambærilegt ákvæði og finna má í 1. gr. frumvarps þessa.

Viðskiptaráð leggur til að sambærilegt ákvæði og 1. gr. frumvarpsins verði felld inn í lög um einkahlutafélög.

Kynjahlutföll (2. og 3. gr.)

Viðskiptaráð Íslands tekur heilshugar undir markmið ákvæðanna, sem er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna. Það er skýrt að kraftar karla sem og kvenna eru vannýttir á mörgum sviðum samfélagsins. Jöfn tækifæri skapa grundvöll og hvata til árangurs einstaklinga óháð kyni til hagsbóta fyrir samfélagið í heild.

Að mati ráðsins eru ákvæði þessi hins vegar að mestu óþörf í ljósi yfirgripsmikilla skyldna fyrirtækja skv. nýjum jafnréttislögum og sömuleiðis umfangsmiklum heimildum Jafnréttisstofu til beitingu dagsekta skv. þeim lögum. Það er að a.m.k. óljóst hvaða viðbót þessi ákvæði fela í sér í reynd.

Starfandi stjórnarformaður (4. gr.)

Viðskiptaráð tekur undir það sjónarmið greinargerðar frumvarpsins að mikilvægt sé að hlutverki stjórnar sem eftirlitsaðila með stjórnendum félags sé ekki stefnt í hættu. Að auki er mikilvægt að draga eftir fremsta megnu úr líkum á hagsmunaárekstrum.

Að mati ráðsins er þó gengið heldur lengra en æskilegt er í 4. gr. frumvarpsins, sem að auki er almennt óskýrt orðað og þar með er erfitt að átta sig á þeim mörkum sem því er ætlað að leggja. Í mörgum félögum, þá einkum stærri og sérstaklega þeim sem eru í byrjunarfasa, er mikilvægt að stjórnir sinni virku eftirlitshlutverki. Hluti af því getur falist í aukinni eftirfylgni stjórnarformanns með daglegum rekstri og að einhverju leyti þátttaka hans í ákvarðanatöku, sem á þó almennt að heyra til undantekninga nema í stærri málefnum. Það má því ekki girða að öllu fyrir slíka eftirfylgni eða gera hana um of tortryggilega því fyrir henni eru almennt góðar og gildar ástæður.

Heppilegra hefði verið að takmarka gildissvið þessa ákvæðis við félög sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað líkt og gert er í danskri löggjöf, því í slíkum félögum er eignarhald almennt mjög dreift og þar með ríkari ástæða til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Viðskiptaráð hefur ávallt hvatt til þess að séríslenskar leiðir séu ekki farnar í íslenskri löggjöf og á sú áhersla ráðsins við í þessu tilfalli.

Viðskiptaráð leggur til að gildissvið 4. gr. frumvarpsins verði afmarkað við félög sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað.

Samantekt félagsstjórnar – samstæðutengsl hluthafa (5. gr.)


Eins og áður segir þá tekur Viðskiptaráð undir sjónarmið þess efnis að auka þurfi gagnsæi. Í 5. gr. frumvarpsins er þó gengið heldur lengra en ráðið telur nauðsynlegt og í reynd æskilegt. Í því ákvæði segir að félagsstjórn skuli gera „stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutfjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem hafa orðið á árinu“. Sambærilegar upplýsingar skulu svo „leggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutfélagið er í“. Í almennum athugasemdum frumvarpsins segir þessu tengdu að frumvarpið miði að því að „auka rétt hluthafana til þess að fá upplýsingar frá stjórn um eignarhald, atkvæðisrétt og samstæðutengsl annarra hluthafa“.

Við þetta fyrirkomulag gerir Viðskiptaráð nokkrar athugasemdir. Í fyrsta lagi virðist það ógjörning fyrir stjórn viðkomandi félags að halda utan um öll möguleg samstæðutengsl annarra hluthafa. Í öðru lagi þá er um of gengið á rétt hluthafa til að halda tengslum sínum við önnur félög, algerlega óviðkomandi því félagi sem um ræðir, fyrir sig. Það er vafamál að þessar upplýsingar eigi að vera aðgengilegar öllum án sýnilegra hagsmuna. Í þriðja lagi þá vekur þessi skylda upp spurningar um skyldu stjórnar til að gæta hlutleysis og tryggja jafnræði hluthafa, en ákvæðið kveður einungis á um hlutfjáreign einstakra hluthafa ekki þeirri allra.

Viðskiptaráð leggur til að síðari málslíður 5. gr. frumvarpsins verði felldur brott.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs